



# Grafskrift Tómasar Tómassonar, 31. maí 1930

---

Bjarni Benediktsson – Grafskrift Tómasar Tómassonar, 31. maí 1930

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Fjölskyldan

Askja 3-2, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



# Tómas Tómasson

Fæddur 22. janúar 1917

Dáinn 31. maí 1930



**D**ROTTINN vakir, drottinn vakir  
daga og nætur yfir þjer.  
Blíðlynd eins og besta móðir  
ber hann þig í faðmi sjer.  
Allir þótt þjer aðrir bregðist,  
aldrei hann á burtu fer.  
Drottinn elskar, — drottinn vakir  
daga og nætur yfir þjer.

Löng þá sjúkdómsleiðin verður,  
lífið hvergi vægir þjer,  
þrautir magnast, þrjóta kraftar,  
þungt og sárt hvert sporið er;  
honum treystu, hjálpin kemur,  
hann af raunum sigur ber.  
Drottinn lækna, — drottinn vakir  
daga og nætur yfir þjer.

Þegar freisting mögnuð mætir,  
mælir flátt í eyra þjer,  
hrösun svo þig hendir, bróðir,  
háðung að þjer sækja fer.  
Vinir flýja. — Æðrast ekki,  
einn er sá, er tildrög sjer.  
Drottinn skilur, — drottinn vakir  
daga og nætur yfir þjer.

Þegar æfiröðull rennur,  
rökkvar fyrir sjónum þjer,  
hræðstu eigi, Hel er fortjald,  
hinumegin birtan er.  
Höndin, sem þig hingað leiddi,  
himins til þig aftur ber.  
Drottinn elskar, — drottinn vakir  
daga og nætur yfir þjer.

---

**H**ÁTT eg kalla, hæðir fjalla,  
hrópið með til drottins halla.  
Mínum rómi, ljóssins ljómi,  
lyft þú upp að herrans dómi.

Eg vil kvaka, eg vil vaka,  
alt til þess þú vilt mig taka.  
Til þín hljóður, guð minn góður,  
græt eg, eins og barn hjá móður,

---

**H**VE sæl, ó hve sæl er hver leikandi lund;  
en lofaðu engan dag fyrir sólarlagsstund.

Um sólskin kvað fuglinn og sá hvergi skúr,  
þá sólin rann í haf, var hann kominn í búr.

Um sumardag blómið í sakleysi hló,  
en sólin hvarf, og jelið til foldar það sló.

Og dátt ljek sjer barnið um dagmálamund,  
en dáíð var og stirnað um miðaftansstund.

Svo örstutt er bil milli blíðu og hels,  
svo brugðist getur lánið frá morgni til kvelds.

En bóttin er, barnið gott, ef bregzt lukkan þín,  
þjer bregzt ei guð á himnum, sem verndar börnin sín.

Guð faðir er lukkan og sálar vorrar sól,  
er sezt ei í marinn, þótt fjúki' í önnur skjól.

Innileg þökk fyrir auð-  
sýnda samúð.